

Suðurnesjabær
Sunnubraut 4
250 Garður

Garðabær, 27. september 2023
Málsnúmer: 202309-0005
SS

Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðskaga.

Vísað er í bréf frá skipulags- og umhverfissviði Suðurnesjabæjar, dags. 4. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðskaga.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulagsbreytinguna og tengda aðalskipulagsbreytingu þann 25. ágúst 2021. Einnig var veitt umsögn um aðalskipulagsbreytinguna sem hluti af umsögn um nýtt Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 þann 12. apríl 2022 (vinnslutillögu) og aftur 21. desember 2022 (endanlega tillögu).

Í þessum fyrri umsögnum kom Náttúrufræðistofnun með ábendingar varðandi skipulag Garðskagasvæðisins. Einkum var þar bent á að fjörurnar við Garðskaga hafa mjög hátt verndargildi vegna auðugs lífríkis og að verndun þeirra verði að vera lykilforsenda fyrir allt skipulag og alla starfsemi á svæðinu. Fjörurnar eru undir hverfisvernd og á gildandi náttúruminjasrá (C-hluta) og Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að vistgerðir og búsvæði fugla á þessum fjörusvæðum verði vernduð enn frekar og eigi erindi á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár.

Einnig var bent á að öll uppbygging á svæðinu geti truflað lífríki svæðisins og lykilatriði sé að forðast allt rask á fjörum. Aukin mannvirkjagerð vegna uppbyggingar ferðaþjónustu þ.m.t. heilsulindar sé ákveðin stefnubreyting á eðli og notkun svæðisins og fara þarfi mjög varlega og huga vandlega að mögulegum umhverfisáhrifum. Útfærslur á heilsulindinni þyrftu að taka alvarlega tillit til þessa og sérstaklega þyrfti að skoða vandlega hvernig heitu vatni yrði miðlað til og frá svæðinu og forðast ætti allt rask í sjálfri fjörunni.

Nýtt deiliskipulag sem nú er til kynningar greinir betur frá áformum um heilsulind og aðra uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Mannvirkjagerð er margs konar m.a. töluverð aukning á bílastæðum, skipulögðum göngustígum og nýjum byggingum þar sem heilsulind syðst á skipulagsreitnum er víðamesta uppbyggingin. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við önnur mannvirki en heilsulindina en bendir almennt á að gæta þurfi þess við allar framkvæmdir að valda ekki óþarfa raski, forðast framkvæmdir á viðkvæmum tímum t.d. varptíma fugla og huga að því að flutningar á jarðvegi stuðli ekki að útbreiðslu framandi ágengra tegunda s.s. skógarkerfils.

Byggingarreitur fyrir heilsulindina er töluvert stór en jákvætt er að uppbyggingin mun fara fram alfarið innan sjóvarnargarðs og því ekkert rask á fjöru áætlað. Efnisval á að taka tillit til náttúru svæðisins og skilmálar eru til staðar varðandi mögulega truflun t.d. um ljósmengun sem er jákvætt. Ekkert er fjallað um hvernig hitaveitu eða fráveitu verður hátt við heilsulindina, en það var meðal atriða sem Náttúrufræðistofnun benti á í fyrri umsögnum að skoða þyrfti vandlega. Hvort og hvernig fyrirkomulag veitna mun hafa áhrif á fjörun þarf að útskýra betur.



Ekki kemur fram hvort stefnt sé að því að sækja þang eða þara úr fjörum fyrir starfsemi heilsulindarinnar. Ef að því verður þarf að skoða það vandlega með tilliti til hvernig þangtakan verður framkvæmd.

Á allmörgum stöðum er gert ráð fyrir aðgengi niður í fjörurnar m.a. frá fjörum stöðum nálægt heilsulindinni. Má velta fyrir sér hvort þörf sé á svo mörgum aðgengisstöðum. Áhersla verður á að fræða um umgengni og viðkvæmt lífríki og er það grundvallaratriði því reikna má með því að umferð fólks í fjörur muni aukast töluvert. Meðal annars þarf að taka tillit til þess að ákveðnir árstímar eru viðkvæmari en aðrir t.d. fartími og varptími tegunda eins og æðarfugls.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að tilefni er til að styrkja verndun fjöruvistgerða og búsvæða fugla við Garðskaga og kæmi friðlýsing eða friðun sterklega til greina að mati stofnunarinnar. Slík verndun myndi einnig styrkja eftirlit og umsjón með svæðinu í þágu náttúruverndar. Er sveitarfélagið hvatt til að skoða það.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

